



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við afhendingu  
Nýsköpunarverðlauna Samtaka ferðaþjónustunnar  
11. nóvember 2016**

„How do you like Iceland?“ Sú var tíð að við Íslendingar gátum spurt nánast hvern einasta útlending sem hingað kom þessarar mikilvægu spurningar. Vissulega ýki ég aðeins en þeir voru ekki það margir gestirnir, verkefnið var því viðráðanlegt og þar að auki þyrsti okkur í svarið. Spurningin bar því í sér ákall um rétt svar, að ferðalangurinn elskaði landið okkar, að hann hefði hrifist af fólkinu, menningunni, náttúrunni og ósnortnum víðernum. Svaraði hann rétt og væri hann nógu þekktur fékk gesturinn óðara tignarheitið Íslandsvinur. Og blessunarlega svöruðu flestir á þá lund sem við væntum.

Sú tíð er liðin að við getum gengið á nær hvern þann sem hingað kemur og spurt þessarar gullvægu spurningar: „How do you like Iceland?“ Á þessu ári nálgast þeir tvær milljónir, ferðamennirnir sem hingað koma. Næstu ár verða þeir jafnvel enn fleiri. Ný rannsókn á Bretlandseyjum sýnir til dæmis að fólk vill helst verja frí sínu á Íslandi.

Segja má að við þurfum ekki lengur að spyrja; svarið liggur í augum uppi. Útlendingum líkar vel við Ísland. Landkynning hefur skilað árangri, þeir sem hingað koma lofa gjarnan land og þjóð. Frá mörgu geta þeir sagt, Seli-Hóteli við Mývatn eða Öldunni, hóteli á Seyðisfirði. Adrenalín.is, VEG gistihúsinu á Suðureyri og Fjord fishing, Landnámssetri Íslands og Norðursiglingu á Húsavík, Þórbergssetri í Suðursveit, Fuglasafni Sigurgeirs í Mývatnssveit, ferðum á vegum Íslenskra fjallaleiðsögumanna, KEX hosteli sem við erum núna í, ferðamiðstöðinni Pink Iceland, Saga Travel, Gestastofunni á Þorvaldseyri eða Into the Glacier – íshellinum mikla á Langjökli.

Margt fleiri mætti auðvitað nefna en glöggir áheyrendur hafa kannski tekið eftir því að hér nefndi ég þá sem hafa hlotið nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar frá því að til þeirra var

stofnað árið 2004 og til síðasta árs. Og í dag bætist verðugt nafn við þennan góða lista.

Það fellur í minn hlut að afhenda verðlaunin í ár. Þetta er ljúf skylda, svona get ég orðið að liði. Get ég gert meira? Ég bið ykkur um að íhuga aftur spurninguna góðu, hvernig fólki líki við Ísland? Hvernig verður henni svarað innan fárra ára? Hvað getum við gert til að gestunum haldi áfram að líða vel, að viðbrögð þeirra falli okkur í geð? Víst er að eitthvað gætum við þurft til bragðs að taka. Upplifun ferðalanga er ennþá góð að jafnaði en varnaðarorð heyrast samt. Mér hafa til dæmis borist tölvupóstar og bréf frá útlendingum sem lofuðu landið en lýstu átroðningi, þjónustuskorti og – já, vissum vonbrigðum.

Glögg er gests augað. Við megum ekki fyrtast við þegar aðrir benda á það sem betur mætti fara í okkar samfélagi. Í svörum mínum hef ég þess vegna leitast við að sýna þessum sjónarmiðum skilning. Úrbótum hef ég þó ekki lofað enda er það ekki í mínum verkahring. Sömuleiðis er það huggun harmi gegn að lýsingar útlendinga á Íslandi hafa heldur betur batnað í tímans rás. Ég kann ekki við að rekja verstu skammaryrðin sem skrásetjarar fyrri alda létu falla um land og þjóð. „Íslendingar eru í eðli sínu sérlundaðir og þrjóskir. Þeir vinna ekki nema þeir neyðist til þess.“ Svo mælti Johann Anderson sem samdi umdeilt rit um Ísland um miðja átjándu öld. „Íslendingar eru allir mjög hneigðir til hjátrúar og hafa púka og anda í þjónustu sinni“, hafði Ditmar Blefken áður haldið fram í alræmdu níðriti. Þetta er með því skárri sem þessir kappar höfðu að segja um land og þjóð.

Nú er öldin önnur og framtíðin björt. Við getum mótað hana sjálf og séð til þess að svarið við spurningunni góðu, „How do you like Iceland?“ verði áfram: „Ég elska það!“, „I love it!“